

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 4.2.2019 **Fundartími:** 11:00 – 12:30
- 1.3. **Staður:** RAFAL ehf, Hringhelli
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Óskar Dan Skúlason (ÓS), Ólafur Bjarkason (ÓB), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ).

2. Dagskrá

- 2.1. Samræming á gögnum og aðferðum vegna vinnu sem fram undan er.

3. Umræður

- 3.1. Kerfismynd var rýnd og ákvörðun tekin um númerakerfi á tengistöðum. GD útskýrði samhengi númera innan kerfisins. Ákveðið var að gefa öllum tengistöðum á kerfismyndinni einkenni óháð því hvort umsóknir hafa borist.
- 3.2. Áfangaröð rædd og ákveðið að hefja verkið á því að blása í áfanga 2 sem liggur frá Grundarhverfi um Kiðafell, Miðdal, Eilífsdal að tengimiðju kerfisins við Hjarðarholt.
- 3.3. GD, SÁ og KÓ halda lokarýni fund á þessum áfanga þriðjudaginn 5. febrúar og eftir þann fund verða endanlegar vinnuteikningar gefnar út og sendar ES til dreifingar. GD útbýr tillögu að vinnuteikningum og sendir ES til umsagnar og rýni.
- 3.4. ES óskaði eftir að fá útgefnar tengiliðalista yfir þá sem sótt hafa um ljósleiðara. SÁ tók að sér að útbúa listann og senda á ES.
- 3.5. GD spurðist fyrir um fyrirhugaða forgangsröðun verka. ÓS sagði að fyrst um sinn yrði blásið heimtaugum og stofnstrengjum jafnhliða því að tengt yrði inni á heimilum. Tengingar í tengibrunnum kæmu síðar. Tengimyndir af brunnum gætu því komið síðar og verða ÓS og GD í sambandi vegna þessa þegar komið hefur í ljós hvernig verkinu miðar áfram.
- 3.6. ÓS óskaði eftir upplýsingum um þá strengi sem kæmu inn í tengimiðjuna því til greina kæmi að blása öllum strengum sem þangað færu inn í sama takinu svo að ganga mætti frá tengimiðjunni. GD útvegar upplýsingar sem tengjast tengimiðjunni og sendir ES til dreifingar.
- 3.7. Umræða um staðsetningu á inntaksboxum. KÓ sagði að almennt væru inntaksrör í sumarhúsum í inntakskösum og í öðrum húsum væru þau boruð inn fyrir húsvegg. Fundarmenn sammála um að hvort tveggja væru ásættanlegir staðir fyrir inntaksbox. Verktaka falið að velja skynsamlegan stað fyrir inntaksbox í hverju tilfelli fyrir sig.
- 3.8. Ákveðið að halda næsta verkfund mánudaginn 11. Febrúar klukkan 9:00 í Ásgarði. Fyrst um sinn verða verkfundir vikulega en ákvörðun um annað tekið þegar líða fer á verkið.
- 3.9. ES spurðist fyrir um inntaksbox. GD útvegar inntaksbox og kemur í hendur ES eða ÓS svo hægt verði að setja þau upp jafnóðum og blástur heimtauga fer fram.
- 3.10. Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. Eftir rýnifund gefur GD út vinnuteikningar af áfanga 2.
- 4.2. SÁ gefur út tengiliðalista yfir umsækjendur og sendir ES.
- 4.3. GD útbýr upplýsingar um strengi og aðra þætti er snúa að tengimiðjunni að Hjarðarholti.
- 4.4. GD útvega inntaksbox.